

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**820. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. febrúar 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Bréf Hrannars B. Haraldssonar.
2. Bréf Arnar Gíslasonar f.h. Hlöðunnar ehf.
3. Bréf Vegagerðarinnar.
4. Fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Hrannars B. Haraldssonar þar sem hann óskar eftir rökstuðningi á þeirri ákvörðun starfshóps um mötuneytismál Grunnskóla Húnaþings vestra að ekki hafi verið óskað eftir frekari viðræðum við hann um verkefnið. Byggðarráð felur sveitarstjóra að veita umbeðinn rökstuðning.
2. Fram lagt bréf Arnar Gíslasonar f.h. Hlöðunnar ehf. þar sem óskað er eftir frekari viðræðum við starfshóp um mötuneytismál Grunnskóla Húnaþings vestra og rökstuðningi verði ekki unnt að verða við þeirri beiðni. Byggðarráð vísar erindinu til afgreiðslu starfshópsins.
3. Fram lagt bréf Vegagerðarinnar þar sem fjallað er um þjóðvegi í þéttbýli sem felldir hafa verið af vegaskrá. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu.
4. Fundargerð 812. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.  
Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Fram lagt fundarboð kynningarfundar Innanríkisráðuneytisins um frumvörp um breytingar á lögregluumdæmum og sýslumannsumdæmum. Fundurinn verður haldinn að Löngumýri í Skagafirði þann 14. febrúar nk. kl. 15:00

Sigurður Kjartansson boðaði forföll.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:32

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Stefán Böðvarsson.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg.